

78Líftrygging – með jöfnu iðgjaldi D1

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Hugtaka- og orðaskilgreiningar

Félagið:	Merkir Sjóvá Almennar líftryggingar hf.
Vátryggingartaki:	Sá sem gert hefur samning við félagið.
Vátryggður:	Sá sem tryggður er.
Iðrunarréttur:	Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.
Maki:	Í skilmálum þessum er með orðinu maki átt við þann aðila sem vátryggður er með í hjúskap eða staðfestri samvist. Þetta orð tekur ekki til sambúðarmaka.
Rétthafi:	Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta.

Efnisyfirlit

1. gr.	Gildistími- iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	3
2. gr.	Bótasvið	3
3. gr.	Réttthafi bóta	3
4. gr.	Takmörkun á ábyrgð félagsins	4
5. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	4
6. gr.	Endurkaup og lán	4
7. gr.	Greiðsla vátryggingarfjárhæðarinnar	4
8. gr.	Fyrning	4
9. gr.	Iðgjaldafrelsi	4
10. gr.	Breyting vátryggingarfjárhæðar og iðgjalds	5
11. gr.	Breyting á iðgjaldsgrundvelli	5
12. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum	5
13. gr.	Ágreiningur	5
14. gr.	Varnarþing	5
15. gr.	Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga	6

1. gr. Gildistími - iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Gildistími

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið fullbúna, skriflega váttryggingarbeiðni samkvæmt 74. gr. laga um váttryggingasamninga, enda verði henni ekki hafnað af áhættumati félagsins. Við samþykkt váttryggingarbeiðnar öðlast váttryggingin gildi frá móttöku beiðnarinnar, nema váttryggingartaki hafi skriflega óskað eftir öðrum gildistökutíma og hefst þá ábyrgð félagsins frá því tímamarki.

Gildistími váttryggingarinnar er skráður á skírteinið.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs váttryggðs.

Iðgjaldið

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga og gert grein fyrir réttaráhrifum þess að ef ekki sé greitt innan 14 daga geti váttryggingin fallið niður.

Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga

Hafi váttryggingin verið í gildi í eitt ár hið skemmsta og ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila, er heimilt samkvæmt 97. gr. laga nr. 30/2004 að endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangaldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga greiðslufrestur samkvæmt ítrekun rann út.

Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánuðina frá útgáfu váttryggingarinnar.

2. gr. Bótasvið

Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

3. gr. Réttthafi bóta

Um rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki/váttryggður ekki ráðstafað réttindum samkvæmt váttryggingarsamningi með tilnefningu réttthafa, framsali eða veðsetningu gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur váttryggingarfjárhæðin þá til maka váttryggðs. Láti váttryggður ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Óski váttryggingartaki eftir því að váttryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa, er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu réttthafa eru skráðar í váttryggingarskírteinið.

4. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að váttryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

5. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

6. gr. Endurkaup

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti.

7. gr. Greiðsla váttryggingarfjárhæðarinnar

Tilkynna skal félaginu um andlát váttryggðs án ástæðulausrar tafar.

Váttryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð frá lækni.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

Félagið greiðir kostnað við öflun læknisvottorða, sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

8. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Iðgjaldafrelsi

Missi váttryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma váttryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlast hann rétt til lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir en þó að hámarki í fimm ár. Réttur til iðgjaldafrelsis varir ekki lengur en að 65 ára aldri. Iðgjaldafrelsið hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn var metinn. Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis en skerðing starfsorku um 50% eða meira veitir rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast félaginu skriflega á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja mat á hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika á að gegna öðrum störfum.

Iðgjaldafrelsi er aldrei veitt fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um það barst félaginu. Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í læknisskoðanir eins og þurfa þykir, á kostnað félagsins. Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist beint eða óbeint af völdum:

- stríðs, óeirða, uppbóta, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,

- b. hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira,
- c. sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar.

Ef rekja má orsök starfsorkumissisins til háttsemi sem verður metin váttryggðum til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, svo sem misnotkunar áfengis, fíkniefna eða eitrefna, eða vegna þátttöku í refsiverðum verknaði, öðlast váttryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsis. Sé um ásetning að ræða ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004. Sé um stórkostlegt gáleysi að ræða má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

Ákvæði 5. gr. um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi, eftir því sem við á.

Félagið tilkynnir váttryggingartaka skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

Um iðgjaldafrelsi gilda að öðru leyti almenn ákvæði skilmála váttryggingarinnar, eftir því sem við á.

10. gr. Váttryggingarfjárhæð og iðgjald

Váttryggingarfjárhæð líftryggingarinnar sem er óbreytt að krónutölu allan váttryggingartímann kemur fram í váttryggingarskírteininu og endurnýjunarkvittunum. Hið sama gildir um iðgjaldið sem jafnframt er óbreytt allan váttryggingartímann þó með þeim fyrirvara sem greinir í 11. gr.

11. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar. Allar slíkar breytingar yrðu lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið áður en þær tækju gildi.

12. gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Váttryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004 og skal það gert skriflega.

13. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

14. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15. gr. Þagnarskylda - vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um vátrygginguna sem trúnaðarmál.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2016

[Efst á skjal](#)